

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps, nr. 415/2022.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar orðast svo:
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar tvisvar sinnum í mánuði á miðvikudögum kl. 9.00 í fundarherbergi í Árnesi.

2. gr.

5. tl. A-hluta 41. gr. samþykktarinnar um fastanefndir orðast svo:
Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til sveitarstjórnar um umhverfismál og fer með málefni um loftslags-, umhverfis- og sorpmál, m.a. í samræmi við lög um landgræðslu nr. 155/2018, lög um meðhöndlum úrgangs nr. 55/2003 og lög um loftslagsmál nr. 70/2012. Þá fer nefndin jafnframt með málefni og hlutverk náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

3. gr.

11. tl. A-hluta 41. gr. samþykktarinnar um fastanefndir orðast svo:
Sveitarstjórn kýs fimm aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndinni er annars vegar ætlað að styrkja og efla þær atvinnugreinar sem fyrir eru í sveitarfélaginu og hins vegar að fara með samgöngumál í sveitarfélaginu. Nefndin er ráðgefandi og gerir tillögur til sveitarstjórnar. Skal nefndin starfa í nánum tengslum við íbúa og hin frjálsu félög í sveitarfélaginu og stuðla að nýsköpun í atvinnumálum. Að öðru leyti fer um málefni nefndarinnar eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um og sveitarstjórn felur henni.

4. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 28. september 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.